

Fundur stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fundarsal Háskólaseturs Vestfjarða mánudaginn 23. janúar 2012, kl 12.00. Fundurinn er einnig haldinn með aðstoð síma frá Bíldudal og Hólmavík. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma), Jóna Benediktsdóttir, Jón Jónsson (í síma) og Ómar Mór Jónsson.

Formaður kynnti að Sigurður Pétursson boðaði forföll og Jóna Benediktsdóttir hefur verið boðuð í hans stað.

Formaður setti fundinn.

1. Fundargerð stjórnarfundar 14. desember 2011.

Stjórn staðfestir fundargerð sem áður hefur verið send út í tölvupósti.

2. undirbúningur hluthafafundar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, 23. janúar 2012.

Lögð fram bréf er varða efni málsins.

- a. Bréf Atkonur ses, til hluthafa í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, dags. 13. desember 2011. Er þar lýst andstöðu við framkvæmd tillögu auka Fjórðungspings Vestfirðinga. Kynnt.
- b. Bréf Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, dags 16. desember 2011. Beiðni [FV] um boðun hluthafafundar í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Efni bréfs er svar við bréfi FV dags. 8. desember 2011 um boðun hluthafafundar í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Óskað er lengri frest við boðun fundarins en samþykktir félagsins segja til um, tillaga stjórnar félagsins er 9. janúar 2012. Jafnframt er kynnt að felld hafi verið tillaga stjórnarmanns félagsins um lengri frest til boðun fundarins eða til 1. mars 2012.

Stjórn FV staðfestir ákvörðun í tölvupósti að fallist er á að hluthafafundur verði boðaður síðar, en samþykktir félagsins segja til um.

- c. Bréf Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf 30. desember 2011, boðun hluthafafundar 9. janúar 2012. Dagskrártillaga fundarins er sem hér segir.
 1. Tillaga um félagsslit samkvæmt 34. gr. samþykka félagsins
Á grundvelli erindis FV er borin upp tillaga að ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta samkvæmt 34. gr. samþykka félagsins og lögum um hlutafélög 2/1995.
 2. Tillaga um að FV yfirtaki starfssemi félagsins
Tillaga borin upp um að FV yfirtaki alla starfsemi Atvest með tilheyrandi skuldbindingum m.a. gagnvart starfsmönnum félagsins og miðist rekstrarleg sameining við 1. janúar 2012. Er það í samræmi við niðurstöðu aukapings FV sem haldið var þann 25. nóvember 2011.

Tillagan er byggð á greinargerð sem sjá má á heimsíðu félagsins, www.atvest.is undir endurskipulagning stoðkerfis. Þar er greint nánar frá innleiðingarferlinu.

Formaður fór yfir efni tillögunnar sem byggir á samþykkt auka Fjórðungshóps Vestfirðinga frá 25. nóvember s.l. um sameiningu FV og atvest þann 1. janúar 2012. *Stjórn vísar til umræðu milli stjórnarfundar og staðfestir efni dagskrártillögu til hluthafafundar.*

- d. Bréf Byggðastofnunar dags. 4. janúar 2012, Efni bréfs, er að óskað er frestun hluthafafundar vegna ágalla við boðun hans og að vinna verði að sátt í hluthafahópi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Kynnt.
- e. Bréf Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf dags. 6. janúar 2012, efni bréfs er um frestun og boðun nýs hluthafafundar, 23. janúar 2012 og með dagskrártillögu hluthafafundar samhljóða í bréfi félagsins frá 30. desember 2011

Ómar Már Jónsson, kynnti umræðu af fundi stjórnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem haldinn var fyrr í dag 23. janúar. Á fundi stjórnar Atvest voru kynnt minnisblöð sem lögð hafa verið fram í viðræðum formanna stjórnar FV og Atvest, við hluthafa félagsins Atkonur ses með vísan til bréfs frá 13. desember s.l..

Formaður óskaði eftir sjónarmiðum stjórnarmanna til málsins, málið rætt og samþykkt eftirfarandi;

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur mikilvægt að fjallað verði um tillögu auka Fjórðungshóps Vestfirðinga á hluthafafundi félagsins. Stjórn telur hinsvegar mikilvægt að reynt verði til þrautar til þess að ná samstöðu um samþættingu stoðkerfis á Vestfjörðum og getur fallist á að fyrirtöku tillögu á hluthafafundi verði frestað. Stjórn setur það skilyrði að stofnað verði til viðræðuhóps stærstu hluthafa sem hafi frest til mánudags 30. janúar til að skila niðurstöðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.00

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.